

Fjárlaganefnd Alþingis
101 Reykjavík

Norðurlandi eystra, 17. október 2024

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um fjárlög, 1. mál.

Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra, SSNE, þakkar fyrir tækifæri til að veita umsögn um fjárlagafrumvarp 2025, 1. mál.

Það er fjölmargt jákvætt í þessu frumvarpi en einnig ýmislegt sem stjórn SSNE telur sérstaklega mikilvægt að ávarpa.

Atvinnuráðgjöf og byggðamál: Óásættanleg lækkun fjáframlaga til sóknaráætlana og atvinnuráðgjafar

Við samþykkt fjárlaga fyrir 2024 voru **framlög til atvinnuráðgjafar** hækkuð um 35 m.kr. sem var mikilvægt skref í að koma til móts við verðlags- og launahækkanir síðustu ára. Var þó um að ræða 5 m.kr. lækkun frá framlögum ársins 2023. Tillaga fjárlagafrumvarps 2025 er enn á ný að draga þessa lækkun til baka. Aukningin sem fjárlaganefnd lagði til í fyrra er í fullu samræmi við bæði stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar, sem og samþykktu stefnu Alþingis í byggðamálum. Lækkun um þessar 35 m.kr. myndi draga mjög úr þjónustu atvinnuráðgjafa á landsbyggðinni sem er óásættanlegt og úr takti við stefnu stjórnvalda.

Undirbúningur að nýjum **Sóknaráætlunum** fyrir tímabilið 2025-2029 er nú á lokametrunum en núverandi samningur rennur út í lok árs. Á þessum tímamarki þegar verið er að undirrita nýjar sóknaráætlanir ættu skilaboð stjórnvalda þvert á móti að vera í þá átt að efla Sóknaráætlanir umtalsvert enda hefur árangurinn af þeim síðustu ár verið óumdeildur. Á grunni Sóknaráætlunar hefur nú þegar verið hægt að hrinda í framkvæmd verkefnum þar sem sameiginlegir hagsmunir hvers landshluta fyrir sig eru hafðir að leiðarljósi og þar með valdefling nærsamfélagsins. Þetta er nauðsynlegur stuðningur við svæðisbundin nýsköpunarverkefni, sprota og frumkvöðla. Þá kemur skýrt fram í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar vilji ríkisstjórnarflokkanna til að efla Sóknaráætlanir landshlutanna og því óásættanlegt að nú eigi að lækka framlögin umtalsvert.

Það er afar mikilvægt að stutt verði áfram við ferða- og markaðsmál um allt land, enda grunnurinn að því að gera ferðaþjónustu að undirstöðu atvinnugrein á landsbyggðunum. Mikilvægi þess að byggja upp áfangastaði víða um land og dreifa álagi af ferðamönnum er óumdeilt, sem og mikilvægi þess að tryggð verði **fjármögnun aðgerðaáætlunar ferðaþjónustu**. Stjórn SSNE fagnar því að sett er 100 m.kr. framlag í **Flugþróunarsjóð**, enda afar mikilvægt verkefni sem snýr að fjölgun gátta inn í landið. Í því samhengi vill stjórn SSNE leggja til við fjárlaganefnd að hún leggi **til sérstakan stuðning við Flugklasann Air66** sem stofnaður var hjá Markaðsstofu Norðurlands árið 2011 í breiðu samstarfi ferðaþjónustunnar, ríkis, sveitarfélaga og stoðstofnana. Mikil samstaða er um að verkefninu þurfi að

sinna enda ávinningur skýr fyrir ferðaþjónustu, sem og aðrar atvinnugreinar og búsetugæði íbúa. Sveitarfélögin hafa stutt myndarlega við verkefnið frá upphafi og hefur nú verið óskað eftir því við ráðuneyti ferðamála að það komi myndarlegar að stuðningi við verkefnið, ekki ósvipað því sem ISAVIA gerir á Keflavíkurflugvelli. Stjórn SSNE telur starfsemi flugklasans afar mikilvæga og vill **því hvetja fjárlaganefnd sérstaklega til að styðja einnig við starfsemi klasans.**

Stjórn SSNE leggur þunga áherslu á að tillögur frumvarpsins um **lækkun framlaga til Sóknaráætlana landshluta um 125,9 m.kr og framlög til atvinnuráðgjafar um 40 m.kr. verði dregnar til baka og hækkaðar til samræmis við verðlagsþróun.** Þá vill stjórn SSNE hvetja veki athygli á mikilvægi þess að **auka framlög til aðgerða Byggðaáætlunar** í stað þess að lækka þau eins og nú stendur til.

Falinn niðurskurður til lögreglu- og sýslumannsembættanna

Það er annars augljóst við yfirferð á fjárlagafrumvarpinu að þau verkefni sem fjárlaganefnd Alþingis taldi vert að styðja á síðasta ári og jafnvel síðustu ár eru skorin út.

Eins og SSNE varaði við í umsögn síðasta árs leiddi lækkun fastrar fjárveitingar frá og með árinu 2024 til fækkunar starfsfólks hjá **Sýslumannsembættinu á Norðurlandi eystra.** Til viðbótar hafa óvænt viðbótarútgjöld ársins íþyngt rekstri embættisins sérstaklega og munu, þrátt fyrir sérstakar aðhaldsaðgerðir, leiða til fækkunar um annað stöðugildi ef Alþingi bregst ekki við á fjárukalögum ársins 2024. Fjárlagafrumvarp ársins 2025 kemur ekki til móts við þessar aðstæður. Þessu til viðbótar mælir ný reglugerð fyrir um útibú sýslumanns á Þórshöfn en það er ófjármagnað í fjárlagafrumvarpi ársins 2025.

Verði ekki brugðist við framangreindum áskorunum kann **starfsfólki því að fækka** um allt að þrjú stöðugildi á tveggja ára tímabili, sem búast má við að verði á kostnað þjónustu ríkisins á starfssvæðinu. SSNE bendir á að núverandi fjöldi starfsfólks, að undanskildum sýslumanni, á sérhverri skrifstofu embættisins, þ.e. á Siglufirði (4), Dalvík (2 klst/viku), Akureyri (13), Húsavík (5) og Þórshöfn (1) er í algeru lágmarki miðað við daglega þjónustubörf, sérverkefni og fleira. SSNE minnir á gildandi byggðaáætlun, þjónustustefnu ríkisins og stefnu stjórnarráðsins um hlutverk sýslumannsembættanna sem staðbundinna þjónustuklasa ríkisins á tímum stafrænnar stjórnsýslu.

Stjórn SSNE lýsir enn og aftur yfir miklum áhyggjum af þeirri staðreynd að **embætti Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra** fær ekki þær fjárveitingar sem þörf er á til reksturs embættisins. Enn er staðan sú að hætta er á að lögreglan á Norðurlandi eystra hafi ekki þann styrk sem þarf ef upp koma alvarlegri mál og hætta á að ekki verði hægt að tryggja öryggi borgara. Það er algjörlega óásættanleg staða. Ljóst er að verkefnum embættisins hefur fjölgað mikið á síðustu árum og þyngd þeirra aukist. Þannig má nefna almennt aukið álag vegna fjölgunar íbúa og ferðafólks innan landshlutans, en jafnframt er mikil aukning á millilandaflugi um Akureyrarflugvöll og komum skemmtiferðaskipa sem þýðir umtalsverða aukningu á álagi vegna landamæraeftirlits á flugvöllum á Akureyri og í höfnum landshlutans.

Vanfjármögnun heilbrigðisstofnana

Stjórn SSNE lýsir einnig yfir **miklum áhyggjum af stöðu heilbrigðisstofnana** í landshlutanum. Ljóst er að fyrirbyggjandi vanfjármögnun í framlögum til stofnana mun gera þeim enn erfiðara fyrir að tryggja þá grunnþjónustu sem eðlilegt er að íbúar um land allt hafi aðgengi að. Að auki hefur aukinn fjöldi ferðamanna haft þau áhrif að í raun eru mun fleiri sem þarfnast þjónustu heilbrigðisstofnana en íbúatölur segja til um. Miðað við frumvarpið eins og það liggur fyrir núna **vantar hálfan milljarð** til reksturs **Heilbrigðisstofnunar Norðurlands (HSN)** til að reksturinn gangi upp. Stofnunin gegnir sérstaklega mikilvægu hlutverki á starfssvæðinu öllu, ekki síst hvað varðar bráðþjónustu og geðheilbrigðisþjónustu og er algjörlega óboðlegt að skilja stofnunina eftir í slíkum rekstrarvanda.

Það sama á við um **Sjúkrahúsið á Akureyri (SAk)** en þar er svigrúmið til þróunar þjónustu lítið sem ekkert, sem er miður þar sem SAk þjónustar stóran hluta landsmanna og er mikilvægt að þekking og þjónusta sé markvisst byggð upp á sjúkrahúsinu. Stjórn SSNE fagnar því þó að sett sé inn framlag til að byggja nýja legudeild við sjúkrahúsið og aðeins upp í þróun þjónustu. Sjúkrahúsið stefnir þrátt fyrir það enn og aftur í umtalsverðan rekstrarhalla og er verulegt áhyggjuefni að ekki sé tillaga í þessum fjárlögum um að bæta gríðarlega erfiða rekstrarstöðu Sjúkrahússins á Akureyri (SAk). Ef fjárlagagrunnur SAk yrði **bættur varanlega um 800-900 m.kr.**, þannig að rekstrarfrávik væri þeim mun minna, skapast bæði aukin tækifæri og sveigjanleiki til að ráða við þennan varanlega rekstrarvanda í grunnþjónustunni sem leiðir til vaxandi halla ár hvert.

Pung staða í menntamálum

Staða framhaldsskólanna í fjárlagafrumvarpinu er verulega snúin. Stærsti vandinn nú snýr að því að ekki er gert ráð fyrir réttum nemendafjölda til sumra skóla eins og til að mynda **Verkmenntaskólans á Akureyri (VMA)** og **Menntaskólans á Tröllaskaga** sem skeykir einnig umtalsvert framlög til þeirra. VMA hefur mátt búa við það á síðustu árum að ársnemendum þeirra hefur verið fækkað, þrátt fyrir að í iðn- og starfsnámi og á starfsbraut hafi verið nemendaaukning. Í vor varð svo meiri ásókn í skólann en áætlað var og það í öllu námi, einnig stúdentsnámsbrautum. Aukning framlaganna í frumvarpinu **dugar því ekki** til að mæta fjölgun nemenda sem setur rekstri skólans afar þröngar skorður. Þá er ljóst að auknar kröfur eru gerðar til skólanna um ýmsa þjónustu við nemendur, utan þess námslega, sem skólunum er ekki gert kleift að sinna.

Stjórn SSNE vill vekja athygli fjárlaganefndar á þeirri stöðu sem nú er uppi við **Háskólann á Akureyri** en þar er **húsnæðisvandi skólans** orðinn verulega íþyngjandi sem birtist meðal annars í seinkun byggingu hermi- og færniseturs sem myndi gera skólanum kleift að fjölga hjúkrunarfræðinimum eins og stjórnvöld hafa kallað eftir. Þá leggur stjórn SSNE mikla áherslu á **áframhaldandi uppbyggingu tæknináms við skólann**, og að tryggt verði áframhaldandi fjármagn til kennslu tæknifræði við skólann.

Stjórn SSNE vill hvetja til þess að gerðir verði langtímasamningar um áframhaldandi rekstur **Þekkingarnets Þingeyinga** og **SÍMEY** á sviði fullorðinsfræðslu. Báðar stofnanir sinna mjög mikilvægum samfélagslegum verkefnum. Ríkuleg hefð er fyrir nánu samstarfi stofnananna við atvinnulíf á starfssvæðum þeirra og mjög mikilvægt að ríkið skapi festu með samningum sem tryggja getu til mótfjármögnunar.

Þá gegnir **Þekkingarnetið** jafnframt mikilvægu hlutverki í stuðningi við nýsköpunarsamfélagið á svæðinu með rekstri þekkingarseturs sem m.a. á og starfrækir frumkvöðlasetrið **Hraðið** og **FabLab-Húsavík**. Stofnunin leiðir einnig þekkingarklasann **STÉTTINA** á Húsavík. Mikilvægt er að stjórnvöld haldi áfram stuðningi sínum og geri samninga til lengri tíma, enda jafn mikilvægt að tryggja áframhaldandi rekstur og það var að styðja við uppbyggingu verkefnisins á sínum tíma.

Þá lýsir stjórn SSNE yfir áhyggjum af umtalsverðri lækkun á framlögum til **Náttúrustofu Norðausturlands**, en enn einu sinni er gert ráð fyrir umtalsverðri lækkun á framlögun til náttúrustofanna sem er áhyggjuefni, ekki síst í dag þegar rannsóknir á umhverfinu hafa sjaldan verið mikilvægari. Er þessi lækkun einnig í hrópandi ósamræmi við stefnumörkun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum og löngu tímabært að rekstrargrunnur náttúrustofanna sé tryggður til lengri tíma en eins árs í senn.

Mikilvægi samgönguáætlunar og vestrarþjónustu

Stjórn SSNE telur mikilvægt að tryggt verði að **Samgönguáætlun** verði fullfjármögnuð og hvetur fjárlaganefnd til að líta til þess í vinnu sinni. Sérstaklega telur stjórn SSNE þó mikilvægt að leitast verði

til að flýta samfélagslega mikilvægum framkvæmdum sem snerta öryggismál þeirra sem nýta samgöngurnar. Stjórn ítrekar í því samhengi mikilvægi þess að **flýta jarðgangaf framkvæmdum** á Tröllaskaga þá fyrst **Fljótagöngum**, framkvæmdum við einbreiðar brýr t.a.m. yfir **Skjálfandafljót og Jökulsá á Fjöllum**, og fleira mætti nefna.

Stjórn SSNE hvetur sérstaklega til þess að sett verði fjármagn til þess að **efla vetrarþjónustu** Vegagerðarinnar almennt. Vetrarþjónusta er sérstaklega mikilvæg þegar kemur að öryggismálum á svæðinu eins og til að mynda sjúkraflutningum um svæðið. Þá er sérstaklega mikilvægt að tryggja vetrarþjónustu á þeirri verðmætu fjárfestingu sem **Dettifossvegur** er. Fyrirsjáanleiki í þjónustu skiptir sérstaklega miklu í því samhengi til að tryggja bæði aðgengi fyrir flutningsaðila sem í auknum mæli nýta veginn til að koma dýrmætum útflutningsvörum til hafnar á Austfjörðum, auk þess að tryggja mikilvægt öryggi fyrir ferðamenn sem eru í síauknum mæli að ferðast um svæðið allt árið um kring.

Þá lýsir stjórn SSNE áhyggjum af stöðu **flugsamgangna um Húsavíkurflugvöll** en þar hefur reglulegt áætluarflug verið lagt af og virðist ekki eiga að halda áfram rekstri þess miðað við fjárlagafrumvarpið sem er óásættanlegt. Flugið sannaði mikilvægi sitt á uppbyggingartíma Þeistareykjavirkjunar og uppbyggingar á Bakka, og er nauðsyn þess ekki minni nú þegar fyrirhugað er að fara í stækkun á Þeistareykjavirkjun og þróun græns iðnarðs á Bakka er á fullri ferð.

Að lokum vill stjórn SSNE áréttta fyrri bókun sína um mikilvægi þess að hugmyndir **um afnám tollfrelsis skemmtiferðaskipa** verði endurskoðaðar og telur heppilegra að vinna stefnumörkun til framtíðar varðandi móttöku skemmtiferðaskipa á Íslandi áður en svo stórar ákvarðanir eru teknar um greinina. Komur skemmtiferðaskipa skipta miklu máli þegar kemur að rekstri hafna um landið og er ljóst að ef af afnámi tollfrelsis verður muni líklega t.a.m. öll þau litlu skemmtiferðaskip sem heimsækja hafnir víða um Norðurland eystra hætta að sigla á þessar hafnir. Flest þessara skipa sem hér um ræðir eru ný og sennilega með umhverfissvænustu skipunum. Jafnframt eru það fyrst og fremst efnaðir ferðamenn sem ferðast með þessum skipum sem skilja mikið eftir sig.


Fjölmargar úttektir hafa sýnt að skemmtiferðaskipin hafa jákvæð áhrif á efnahag svæðisins og er það sérstaklega mikilvægt fyrir brothætt svæði eins og t.a.m. Grímsey og Hrísey en báðar eyjarnar hafa verið að taka á móti þessum skipum í auknum mæli síðustu ár. Þá bendir stjórn SSNE á mikilvægi þess að við fyrirhugaðar breytingar á gistináttaskatti verði tryggt að hann renni til sveitarfélaga líkt og fram hefur komið í stjórnarsáttmálum síðustu ríkisstjórna. Stjórn SSNE vill að lokum benda á að skemmtiferðaskipin eru sá hluti ferðaþjónustunnar sem hvað best dreifir ferðamönnum um landið og því ljóst að frumvarpið vinnur beinlínis gegn stefnu stjórnvalda um jafnari dreifingu ferðamanna um landið.

Þá leggur stjórn SSNE áherslu á að farið verði sem allra fyrst í vinnu við **strandsvæðaskipulag Eyjafjarðar og Skjálfandaflóa**, enda fjölmörg verkefni sem þrýsta á ákvarðanatöku um nýtingu auðlinda sem þar er að finna.

Stjórn SSNE áskilur sér rétt til að veita umsögn um málið á seinni stigum og lýsir sig jafnframt tilbúna til samtals við fjárlaganefnd vegna málsins.

Virðingarfyllt,

f.h. SSNE



Albertína Friðbjörg Elíasdóttir,

Framkvæmdastjóri